



Héraðsskjalasafn Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2017
Héraðsskjalasafn Árnesinga

Annáll 2017

Það var í mörg horn að líta á árinu 2017 á Héraðsskjalasafni Árneseinga en yfir 120 hillumetrar af skjölum voru afhentir og þau skráð í samræmi við alþjóðlega staðla. Fyrirspurnir og erindi vegna eftirlits og ráðgjafar voru fleiri en nokkru sinni fyrr og þá tók ljósmynda- og miðlunarvefur héraðsskjalasafnsins miklum breytingum. Vefirnir voru gerðir notendavænni og fjöldi gjörðabóka sveitarfélaga og félagsblada ungmennafélaga gerður aðgengilegur. Hefðbundin starfsemi, s.s. afgreiðsla fyrirspurna og erinda, aðgengi að skjölum á lestrarsal var einnig með mesta móti.

Starfsárið markaðist einnig af líflegum umræðum og skoðanaskiptum vegna nýrrar reglugerðar um héraðsskjalasöfn og nýrra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga til samræmis við löggjöf Evrópusambandsins þar um. Héraðsskjalasöfnin og skilaskyldir aðilar á vegum ríkis og sveitarfélaga verða að geta uppfyllt lagaskyldu þegar horft er til laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og það verður að tryggja skjalamyndurum og vörslustofnunum aðstöðu til að framfylgja skyldum sínum.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn héraðsskjalasafnsins er skipuð af Héraðsnefnd Árneseinga bs. Í stjórninni sitja Sveinn S. Steinarsson formaður, Sveitarfélaginu Ölfusi, Kjartan Björnsson varaformaður, Sveitarfélaginu Árborg og Svanhvít Hermannsdóttir ritari, Flóahreppi.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru þrjú og hálf. Héraðsskjalavörður og skjalavörðir í fullu starfi voru Þorsteinn Tryggvi Músson, Sævar Logi Ólafsson og Guðmunda Ólafsdóttir. Starfsmaður í sérverkefnum var Jóhann Ólafur Sigurðsson.

Starfsemi og aðbúnaður

Starfsemi héraðsskjalasafnsins á árinu 2017 var að mestu með hefðbundnum hætti. Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 marka opinberum skjalasöfnum ákveðna stefnu hvað varðar kjarnastarfsemi safnanna, s.s. móttöku skjala, eftirlit með skilaskyldum aðilum, móttöku einkaskjalasafna, skráningu skjala, aðgengi og aðgengistakmarkanir auk hverskyns miðlunar á safnkostinum. Þjónustuhlutverk héraðsskjalasafnsins verður stöðugt veigameira og mikilvægt að tryggja að sveitarfélögin og almenningur hafi aðgang að safnkostinum. Aðgengi er fyrst og fremst tryggt með skráningu skjala, en þá var einnig lögð áhersla á að gera ákveðin skjöl aðgengileg óháð afgreiðslutíma á lestrarsal með því að setja þau á vefsíðu skjalasafnsins. Eins og undanfarin ár var nokkuð um millisafnalán vegna rannsókna í héraði auk lána á skjölum til stofnana og skjalamyndara.

Allt frá árinu 2009 hafa upplýsingar um fyrirspurnir, erindi, lán á lestrarsal, önnur not á safnkosti, fjölda og stærð afhendinga o.fl. verið teknar saman. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar varðandi söfnun þessara upplýsinga í samræmi við auknar kröfur varðandi upplýsingaöflun og þá hefur áhersla á söfnun upplýsinga breyst til að ná betur utan um ýmsa þætti í grunnstarfsemi skjalasafnsins. Í þessu sambandi má nefna öryggisafritun mikilvægra skjala, söfnunarstefnu einkaskjalasafna og miðlun á skjölum til almennings og stjórnvalda. Markviss söfnun og greining á upplýsingum er

© Héraðsskjalasafn Árneseinga 2018

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Músson.

Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Músson.

Prófarkalestur: Jón M. Ívarsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd er út safni Jóhanns Þórs Sigurbergssonar.

Framkvæmdir fyrir framan Kaupfélag Árneseinga 21.

ágúst 1961.

Ljósmyndari Jóhann Þór Sigurbergsson. 2011/39 JPS

02957.

Baksíðumynd er úr safni Miðengissystkinanna, óþekkt kona við bíl. 2000/6 ME_01466.

ISSN 2298 – 1020

einnig mikilvæg þegar kemur að því að móta framtíðarstefnu skjalasafnsins, sjá hvað er vel gert og hvað má bæta. Þessar upplýsingar gefa góða mynd af þjónustuhlutverki héraðsskjalasafnsins sem stjórnáslu- og menningarstofnunar. Ýmis sérverkefni sem ráðist hefur verið í á síðustu árum tengjast beint fyrirspurnum og óskum almennings og sveitarfélaga varðandi aðgengi og not á safnkostinum. Nærtækast er að nefna miðlun á safnkosti á vefsíðu skjalasafnsins og notkun á stöðlum við skráningu skjala til að tryggja enn frekar samræmda, skýra og upplýsandi skráningu.

Aðfangastefna héraðsskjalasafnsins markast fyrst og fremst af lögum um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Drög að nýrri reglugerð kveða ekki á um skilaskyldu ýmissa aðila sem skv. reglugerðinni frá 1994 eru skilaskyldir um skjöl sín á opinbert skjalasafn. Þetta á fyrst og fremst við um ýmis félög, en vonandi mun sú hefð sem skapast hefur tryggja áframhaldandi skil á skjölum þessara félaga.

Sérstök aðfanga- og vörslustefna var sett á vormánuðum 2017 til að tryggja að söfnun og varðveislu einkaskjalasafna sé hagað með faglegum og skipulegum hætti. Eigi þau einkaskjalasöfn sem tekið er á móti frekar heima á öðru héraðsskjalasafni vegna tengsla skjalamyndara við það byggðarlag o.s.frv. er edlilegt að skjölin rati frekar þangað. Gæta þarf að sögulegu samhengi skjala, tengslum skjalamyndara við byggðarlög eða byggðakjarna vegna þeirra víxlverkunar sem á sér stað milli hins opinbera og einkaaðila. Sá vitnisburður sem við fáum við lestur á opinberum skjölum verður á margan hátt heilsteyptari þegar við höfum einkaskjalasöfn til að styðjast við. Þá má ekki gleyma þeirri staðreynd að oft á tíðum voru skil á milli einka- og opinberra skjala óljós s.s. í tilfelli hreppstjóra. Traust einstaklinga á héraðsskjalasafninu og starfsmönnum þess ræður eftir sem áður mest þegar horft er til fjölda og umfangs einkaskjalasafna sem afhent eru.

Allt frá því starfsemi héraðsskjalasafnsins flutti í Ráðhús Sveitarfélagsins Árborgar hefur gestabók legið frammi á á lestrarsal. Fjöldi þeirra sem ritar nafn sitt í bókina hefur minnkað á undanförunum árum þrátt fyrir að fjöldi skráðra fyrirspurna og erinda hafi aukist. Fyrirspurnir og erindi þ.m.t. lán á lestrarsal voru 853, en hafa að meðaltali verið 841 á árunum 2010–2017. Rúmlega 20% þessara fyrirspurna, 174 alls voru frá sveitarfélögum eða stofnunum á þeirra vegum. 679 fyrirspurnir eða erindi bárust frá einstaklingum, hópum og/eða félögum. Í fjögur ár hafa verið teknar saman upplýsingar um fjölda askja sem notaðar eru á lestrarsal sem og fjöldi askja sem notaðar eru vegna fyrirspurna og erinda. Þessar upplýsingar segja til um hverskonar skjöl eru mest notuð og þá hvaða skjöl ráðlegt væri að gera aðgengileg á vefsíðu skjalasafnsins eða tryggja að til séu öryggisafrit af. Lán á lestrarsal voru 84, alls 292 óskjur en fjöldi arka mun meiri. Beinar fyrirspurnir og erindi sem kölluðu á afgreiðslu voru 495 auk 173 vegna ljósmynda þ.m.t. aðstoð vegna skráningar á ljósmyndum. Kirkjubækur voru notaðar 14 sinnum vegna ættfræði- og byggðasögurannsókna. Þar hefur orðið mikil breyting á, en nú eru kirkjubækur aðgengilegar að hluta á vef Þjóðskjalasafns Íslands og hafa starfsmenn skjalasafnsins vísað og leiðbeint ættfræðingum um notkun á þeim vef.

Karlar hafa allt frá upphafi nýtt skjalasafnið í meira mæli en konur, 742 karlar nýttu sér þjónustu skjalasafnsins með einum eða öðrum hætti á síðasta ári, en konur voru 344 eða rétt rúmlega 31% af notendum. Þetta er nokkur aukning frá árinu á undan þegar 25% notenda voru konur. Hlutfall kvenna var hæst árið 2015 þegar þær voru rúmlega 34%.

Afhendingar á árinu 2017 voru 84. Fjöldi afhendinga tekur ekki miklum breytingum á milli ára ef undan skilin eru árin 2010 þegar átak var gert til söfnunar á ljósmyndum og skjölum ungmennafélaga og sóknar-nefnda og svo 2014 þegar skjalageymslur safnsins voru fullar. Skráningu afhendinga sem bárust á árinu var sinnt jafnóðum. Aldrei hefur héraðsskjalasafninu borist jafn mikið skjalamagn í hillumetrum og á árinu, en fjöldi hillumetra var 124,65. Þetta er rúmlega tvöföldun á skjalamagni miðað við áætlanir. Ljóst er að skjalageymslur safnsins fyllast á næstu tveimur árum, þ.e. 2018–2019. Skilaskyldir aðilar afhentu 104,23 hillumetra en einkaskjalasöfn voru 20,40 hillumetrar. Árið 2016 voru afhentir 33,36 hillumetrar af opinberum skjölum en einkaskjalasöfn voru 21,65 hillumetrar. Á árunum 2005–2009 voru afhendingar að jafnaði um 22,73 hillumetrar en frá 2010–2017 er samanlagður hillumetraffjöldi að jafnaði 57,27 á ári. Áætlanir gerðu ráð fyrir um 45 hillumetrum á ári.

Þetta verður að skoða í samhengi við eftirlitsskyldu og ráðgjafahlutverk héraðsskjalasafnsins en starfsmenn hafa á undanförunum árum leitast við að skapa ákveðna festu í samskiptum við skilaskylda aðila þegar horft er til afhendinga. Í heimsóknnum til skjalamyndara hafa þeir verið hvattir til að afhenda skjöl reglulega á sama tíma og ástand skjalavörslu var metið.

Á árinu hófst samstarfsverkefni skipulags- og byggingafulltrúaembættisins í Sveitarfélaginu Árborg og héraðsskjalasafnsins þar sem rúmlega 40 hillumetrar af teikningum af húsum á Selfossi voru skráðir og afhentir. Þetta verkefni var að mestu unnið af Guðmundu Ólafsdóttur skjalaverði sem fór yfir allar teikningar, bar saman



Teikningar skipulags og bygginga-fulltrúa í Sveitarfélaginu Árborg komnar í skjalageymslu. Verkefnið var að mestu unnið í húsakynnum skipulags- og bygginga-fulltrúa. Héraðsskjalasafnið flutti inn sérstakar teikninga-óskjur frá KLUg til að nota við frágang á skjalaafhendingunni.

skannaðar teikningar og það sem til var, skráði og gekk frá til afhendingar ásamt ýms- um fylgigögnum. Þetta var mjög umfangsmikið verkefni sem haldið verður áfram á árinu 2018. Héraðsskjalasafnið kom einnig að húsakönnunarhluta verkefnisins Eyrarbakki, verndarsvæði í byggð.

Tekið er á móti fyrirspurnum og erindum og þeim svarað alla daga á vinnutíma starfsmanna. Skjalasafnið var lokað vegna sumarleyfa í tvær vikur.

Skjalaskráning var eins og undanfarin ár í samræmi við staðla alþjóða skjalaráðsins ICA, þ.e. ISAD-G og ISAAR. Staðlarnir taka m.a. til skjalaskráningar og upplýsinga um skjalamyndara. Greinargerðir og skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal. Nú er búið að skrá skjöl frá 2005-2017 samkvæmt stöðlum. Samtals eru þetta 1060 aðfanganúmer auk 65 afhendinga sem fengu aðfanganúmer 1010, 1011 o.s.frv. en þessar afhendingar rötuðu ekki inn í aðfangabók á árunum fyrir 2009. Þetta eru alls 575 hillumetrar af skjölum. Af þessum 1060 aðfanganúmerum eru 312 eða um 30% opinber skjöl, á meðan að aðfanganúmer á einkaskjölum eru 748 eða um 70%. Ef að horft er til fjölda hillumetra snýst þetta við, þá er magn opinberra skjala 355 hillumetrar eða um 62% en magn einkaskjala 220 metrar eða um 38%. Einkaskjalasöfn eru að jafnaði 0,30 hillumetrar hvert um sig en opinber skjalasöfn eru 1,14 hillumetrar. Afhendingar með aðfanganúmer 1010, 1011 o.s.frv. eru alls 13 hillumetrar. Samhliða þessari skráningarvinnu hefur aðfangabók héraðsskjalasafnsins verið uppfærð en skipulega færð aðfangabók, vönduð skjalaskráning og endurskráning skjala í samræmi við viðurkennda staðla er lykillinn að því að gera safnkostinn enn betur aðgengilegan. Það er ekki hægt að setja tímaramma á þetta verkefni, en endurskráning er og mun upp að vissu marki ávallt vera hluti af kjarnastarfsemi opinberra skjalasafna. Skráning skjalasafna og gerð greinargerða var að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar skjalavárðar.

Hugmyndavinnu við að gera skjalaskrár, aðfangabók og greinargerðir aðgengilegar á vef héraðsskjalasafnsins var haldið áfram, en persónuverndarsjónarmið, form skráa, leit í og þvert á skrár þarf að skoða. Utanumhald þarf að vera einfalt og tryggja þarf að breytingar og eða leiðréttingar sé hægt að setja inn með einföldum hætti. Þá voru ýmsir möguleikar varðandi birtingarmynd skjalaskráa og tengingar á milli skráa og þess efnis sem miðlað er á vef skjalasafnsins skoðaðar. Ætlunin er að notendur geti í gegnum vefinn pantað skjöl á lestrarsal. Á meðan að allur safnkosturinn er ekki skráður í samræmi við staðla, sem er forsenda þess að skjalaskrár rati á vef skjalasafnsins, þarf að leita til starfsmanna þegar spurst er fyrir um skjöl. Þekking starfsmanna á safnkostinum, innra samhengi afhendinga og stjórnáslunni getur skipt sköpum þegar kemur að því að leita að skjölum. Festa í skráningu, öguð vinnubrögð og fyrirfram skilgreindir verkefjar auðveldu svo notendum að verða meira sjálfbjarga en áður.

Nokkur umræða var um langtíma vörslu rafrænna gagna meðal starfsmanna héraðsskjalasafna. Mikilvægt er að skjalasöfnunum sé tryggt nauðsynlegt ráðrúm til að geta tekist á við þetta stóra og mikla verkefni. Engar stofnanir á vegum sveitarfélaga í umdæmi héraðsskjalasafnsins leituðu eftir því að árinu að fá að skila skjölum sínum á rafrænu formi. Til að það gangi eftir þurfa stofnanir að uppfylla þær kröfur sem reglur



Selfossvegi, Kirkjuvegi, áður Básabraut, og lífinu við bakka Ölfusár voru gerð skil á fjórum söguskiltum sem sett voru upp á horni Selfossvegur og Kirkjuvegs við vesturgafi Hótel Selfoss. Skiltin eru hluti af samvinnu- verkefni Sveitarfélagsins Árborgar og héraðsskjalasafnsins. Söguskilti er að finna víða á Selfossi, á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Þjóðskjalasafns segja til um. Sú vinna er mislangt á veg kominn, en fjöldi stofnana sem hafa samþykktá málalykla og skjalavistunaráttanir eykst jafnt og þétt. Stjórnvöld og almenningur þurfa að vera meðvitund um tilgang og þýðingu nútíma skjalavörslu, rekjanleika ákvarðana, gagnsæi í ákvarðanatöku og þá miklu ábyrgð sem hvílir á forstöðumönnum stofnana hvað varðar skjalahald, skráningu, aðgengi, aðgengistakmarkanir og vörslu skjala til langframa. Vanhöld á skjalavörslu geta verið kostnaðarsöm og því mikilvægt að skilaskyldir aðilar tryggja að skjalavarsla sé ávallt í samræmi við gildandi lög og reglur þar um.

Húsnæðismál héraðsskjalasafnsins voru nokkuð til umfjöllunar á árinu, en verið er að skoða mögulega flutninga á safninu. Æskilegt er að öll starfsemi sé undir sama þaki og að starfsaðstaða batni miðað við núverandi aðstæður. Staða húsnæðismála var rædd á stjórnarfundum og kynnt Héraðsnefnd Árnesinga bs. og framkvæmdastjórn héraðsnefndar. Í framhaldi af haustfundi Héraðsnefndar var rýmisáætlun fyrir nýtt húsnæði unnin og send stjórn og héraðsnefndarmönnum. Í áætluninni er gert ráð fyrir 800 m² húsnæði þar sem skjalageymslur eru alls 400 m², auk móttöku skjala, skráningarrými, skrifstofu- og fundarrými, eldhúsi, snyrtingu, tæknirými o.fl. Í rýmisáætlun var einnig lögð áhersla á að geta í fyrirsjánlegri framtíð stækkað skjalageymslur.

Áfram var haldið að flytja einkaskjalasöfn í húsnæði skjalasafnsins í Háheiði. Samhliða þeim flutningum voru skjalageymslurnar að Austurvegi endurskipulagðar. Til að fullnýta skjalageymslur í Háheiði voru fest kaup á hillum til viðbótar, en ætla má að geymslan í Háheiði fyllist á næsta ári en geymslur skjalasafnsins að Austurvegi á næstu tveimur árum. Vinnuaðstaða í Háheiði nýttist vel þegar horft er til þess hve mikið magn skjala var afhent á árinu, en þar er hægt að taka við afhendingum á vörubrettum og fá yfirsýn yfir stórar afhendingar þegar unnið er að skráningu og flokkun. Þá voru brunavarnir í báðum starfsstöðvum skjalasafnsins bættar í samræmi við kröfur Brunavarna Árnessýslu þar um.

Eftirlit og ráðgjöf

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kveða á um eftirlitsskyldu opinberra skjalasafna með þeim stofnunum sem eru skilaskyldar á skjöl sín. Eftirlitsskyldan og aðkoma opinberra skjalasafna að skjalahaldi og skjalavörslu skilaskyldra aðila hefur á undanförunum árum vaxið. Árið 2017 var engin undantekning hvað þetta varðar. Lög um opinber skjalasöfn eru sérlög sem gefa stjórnvaldi heimildir til að útfæra efnisreglur laganna nánar með setningu reglugerða eða reglna. Eftirlit og ráðgjöf héraðsskjalasafnsins er vafalítið eitt af mikilvægustu hlutverkum þess í nútíð og framtíð. Framundan eru stór og krefjandi verkefni og mikilvægt að sú sérþekking sem er til staðar á héraðsskjalasöfnunum sé nýtt til fullnustu þegar horft er til skjalavörslu, meðferðar viðkvæmra persónuupplýsinga, skjálalausna o.fl.

Um mitt ár 2017 var 64 eftirlitsskyldum stofnunum send rafræn könnun á skjalahaldi og skjalavörslu. 39 stofnanir, þ.e. 64% svöruðu könnuninni sem er aukning frá árinu á undan þegar 52% stofnanna svöruðu. Könnunin var m.a. send á sveitarstjórnarskrifstofur, ýmis svið sveitarfélaga, grunn- og leikskóla, veitustofnanir, skipulags- og byggingafulltrúaembætti, bókasöfn, stofnanir sem reknar eru af tveimur eða fleiri sveitarfélögum, sjálfseignarstofnanir í eigu sveitarfélaga o.fl. Í könnuninni var m.a. spurt um málalykla, skjalavistunaráætlanir, verkferla við skráningu, forstöðumannaábyrgð, notkun á handbók um skjalavörslu sveitarfélaga, aðgengi og aðgengis-takmarkanir, meðferð trúnaðargagna og skjalageymslur. Á haustmánuðum var unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og verður könnunin gefin út árið 2018. Útgáfa á könnun er mikilvæg í ljósi lögbundins hlutverks héraðsskjalasafnsins og staðfestir um leið að starfsmenn safnsins sinna eftirlitshlutverkinu af alvöru. Vonandi nýttist útgáfan sem hvati hvað varðar ýmsar úrbætur á skjalavörslu á sveitarstjórnarstiginu. Niðurstöður könnunarinnar voru ekki frábrugðnar niðurstöðu úr fyrri könnun og í samræmi við óformlegar eftirlitshémsóknir sem starfsmanna á undanförunum árum.

Bætt skjalavarsla á sveitarstjórnarstiginu er samvinnuverkefni skjalamyndara og starfsmanna héraðsskjalasafnsins. Þessi samvinna tryggir ákveðna samfellu í embættisfærslu, málsmeðferð og sú þjónusta sem sveitarfélögin veita íbúum verður fyrir bragðið enn betri. Héraðsskjalasafnið er vissulega menningarstofnun en stjórnsýslulegt hlutverk safnsins er í raun mun viðameira. Þessi samvinna héraðsskjalasafnsins

Á því herrans ári 1928 ...

Stofnun Sambands sunnlenskra kvenna

Samband sunnlenskra kvenna var stofnað þann 30. september 1928 í Þjórsártúni. Að stofnun félagsins komu fulltrúar frá nokkrum félögum í Árnes- og Rangárvallasýslum. Aðal markmið sambandsins var að vinna að aukinni húsmæðrafræðslu, efla heimilisíðnað og garðrækt og viðhalda þjóðlegum verðmætum. Stærsta verkefni sambandsins var stofnun húsmæðraskóla á Laugarvatni. Innan SSK starfa nú um 1000 konur í 26 kvenfélögum.



Fundur kvenfélaga Hveragerði 3. maí 1928.

Aðdragandi stofnunar sambandsins var sá að Halldóra Bjarnadóttir heimilisíðnaðarráðgjafi og ritstjóri Hlinar mæltist til þess að fulltrúar kvenna úr öllum sveitum suðurlands myndu hittast á kvenna-fundi í Tryggvaskála á Selfossi dagana 6.-7. maí 1927. Þangað mættu fulltrúar frá níu kvenfélögum úr Árnes- og Rangárvallasýslum og einu ungmennafélagi. Fundurinn var fjölmennur en fyrri daginn voru fundakonur um 50 talsins og 70 þann seinni. Á fundinum var eftirfarandi tillaga samþykkt: „Fundurinn samþykkti að leitað sé álits í kvenfélögum Árnes- og Rangárvallasýslu um það hvort þau vilji stofna samband sín á milli.“

25 aurar slegnir 1922 og 1 og 2 krónur slegnar 1925

Þessi mynt var slegin í konunglegu myntsláttunni í Kaupmannahöfn árin 1922 og 1925. Myntin er hluti af fyrsta árgangi hveitarmyntar, en myntlögin frá árinu 1925 kváðu á um að aðeins íslensk mynt væri löglegur gjaldmiðill á Íslandi. 10 og 25 aura myntin var slegin samkvæmt bráðabirgðalögum frá október 1922. Líklegt er að fólk hafi haft samkonar mynt í vösum sínum á því herrans ári 1928 en næsta upplag af flestum mynttegundum var ekki slegið fyrr en 1929. Kílóverð af smjöri var þá 4,27 krónur.



Mjólkurbú Flóamanna um 1930

Bygging Mjólkurbús Flóamanna

Þann 30. ágúst 1928 var byrjað að grafa fyrir grunni Mjólkurbús Flóamanna í Laugardælalandi. Bygging búins kom til vegna aukinnar mjólkurframleiðslu í Flóanum í kjölfar Flóaaðveitunnar. Til þess að koma mjólkinni í verð var ákveðið að reisa mjólkurbú til þess að vinna úr mjólk bænda úr Flóa og nærsveitum. Hinn 5. desember 1929 var fyrsta mjólkinn lögð inn í búð en þann dag bárust 1284 kg mjólkur frá 52 framleiðendum.



Náttúrufræðistofnun Íslands

Eitt af spjöldunum á sýningunni *Á því herrans ári ...* sem opnaði í Húsinu á Eyrarbakka á Vor í Árborg, sýningin var aftur sett upp í Hveragerði á Landsmóti UMFÍ 50+ og svo í Listagjarni í Ráðhúsi Árborgar í nóvember 2017. Höfundar texta og veggspjalda voru Guðmunda Ólafsdóttir og Þorsteinn Tryggvi.

Guðmundur Danielsen var afkastamikill rithöfundur, ritstjóri, kennari og skólastjóri á Eyrarbakka og víðar. Guðmundur setti svip sinn á menningarlíf Sunnlendinga og Árnesinga, sérstaklega á seinni hluta 20. aldar. Skjalasafn Guðmundar er í tveimur afhendingum 2009/13 og 2017/56.



og skjalamyndara tryggir að skráning, meðferð og frágangur á skjölum sé í samræmi við staðla þar sem tekið er tillit til leitarbærni, aðgangs- og öryggissjónarmiða. Alls eru fimm sveitarfélög nú með samþykktu málalykla, í einu sveitarfélagi er verið að endurskoða málalykil, níu leikskólar eru með samþykktar skjalavistunaráætlanir og einn grunnskóli. Nokkrir skólar hafa nýtt sér drög að skjalavistunaráætlunum og starfsmenn héraðsskjalasafnsins áttu fundi með skólastjórum þar sem farið var yfir skjalahald og skjalavörslu.

Aðrir opinberir skjalamyndarar voru auk þess heimsóttir og farið yfir ýmsa þætti er snerta skjalahald. Í langflestum tilfellum hafa starfsmenn héraðsskjalasafnsins náð í skjölin eða þau send eftir að starfsmenn hafa farið í gegnum skjalageymslur skjalamyndara og þá skráð skjölin og gengið frá þeim í samræmi við reglur um skil á pappírsskjölum. Þessa vinnu greiða sveitarfélögin sérstaklega fyrir. Þetta fyrirkomulag styrkir sambandið á milli hinna skilaskyldu aðila og héraðsskjalasafnsins og er í raun eðlilegur hluti af eftirlits- og ráðgjafahlutverki skjalasafnsins.

Miðlun

Opinberum skjalasöfnum ber að miðla upplýsingum um þjóðarsöguna skv. lögum um opinber skjalasöfn. Frá 2013 hefur héraðsskjalasafnið haldið úti vefsíðunni *myndasetur.is* þar sem höfuðáhersla hefur verið lögð á miðlun á ljósmyndum, en nú er einnig að finna margvíslegar upplýsingar um tilgang og starfsemi skjalasafnsins. Vefurinn hefur gerbreytt ásýnd safnsins út á við og er fyrir löngu orðin almenningseign þrátt fyrir að litlu hafi verið kostað til við kynningu hans. Vefurinn nýttist einstaklega vel í tengslum við greiningafundi á ljósmyndum sem haldnir voru í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Árborgar á tveggja vikna fresti veturna 2016–2017 og 2017–2018 og ljóst að framhald verður á þessum fundum sem voru styrktir af Uppbyggingasjóði



Félagsblöð ungmennafélaga voru ljósmyndað á árinu og nokkur hluti þeirra birtur á vefsíðunni myndasetur.is.

Suðurlands. Samfélagsmiðlar voru notaðir til að greina ljósmyndir og til að auglýsa fundina. Þá var almenningur duglegur við að deila ljósmyndum af vef safnsins.

Enn berast héraðsskjalasafninu ljósmyndaafhendingar og mikil vinna er framundan við skönnun og skráningu á ljósmyndum. Héraðsnefnd Rangæinga styrkti skönnun, skráningu og miðlun á ljósmyndasafni Ottós Eyfjörð. Eins og á undanförunum árum komu margir að því að aðstoða við skráningu á ljósmyndum. Tómasi Jónssyni ber sérstaklega að þakka en hann hefur frá 2011 unnið við skráningu á ljósmyndasafni sínu af einstakri nákvæmni og samviskusemi. Sveitarfélagið Árborg styrkti ljósmynda-verkefnið sérstaklega eins og það hefur gert allt frá 2011.

Héraðsskjalasafnið fékk tvo miðlunarstyrki frá Þjóðskjalasafni Íslands, annars vegar til miðlunar á fundargerðabókum sveitarfélaga, hinsvegar til vefþróunar á miðlunarvef skjalasafnsins sem opnaði í árslok 2016. Sá vefur tók miklum breytingum þar sem notendaviðmót var bætt s.s. með yfirlitsmyndum auk þess sem nú er hægt að stækka myndir, prenta þær út eða hlaða þeim niður. Mikil áhersla var lögð á að gera vefinn einfaldan og hraðan í allri notkun og virðist sú vinna hafa heppnast vel. Héraðsskjalasafnið á Akureyri og Héraðsskjalasafn Þingeyinga nota þennan vef og önnur héraðsskjalasöfn hafa lýst yfir áhuga á því að nota vefinn til miðlunar. Þá var haldið áfram að ljósmynda, skrá og miðla fundargerðabókum sveitarfélaga og eru nú fundargerðabækur frá öllum 18 hreppunum sem voru í sýslunni aðgengilegar á vef. Elstu bækurnar eru frá fyrri hluta 19. aldar, en þær yngstu eru rétt liðlega hálfar aldar gamlar, alls 84 bækur eða 12.135 ljósmyndir. Þá var fjöldi félagsblaða ungmennafélaga á vef aukin, en þau eru nú 70 talsins eða 5.809 ljósmyndir. Óhætt er að fullyrða að reynsla og þekking starfsmanna af skönnun, ljósmyndum, skráningu lýsigagna og miðlun á ljósmyndum nýttist vel í þessu sambandi. Ljóst er að þetta er aðeins byrjunin á frekari miðlun. Aukin áhersla á miðlun hefur

Í tilefni af 20 ára útgáfumæli fyrstu bókarinnar um galdrastrákinn Harry Potter breyttu starfsmenn Bókasafns Árborgar skjalasafninu í forboðna skóginn. Gestir og gangandi á bókasafninu þurftu m.a. að koma við í skóginum og fá skilaboð til að geta haldið áfram að leysa ýmsar galdraþrautir.



einnig í för með sér að opinberu skjalasöfnin þurfa í sameiningu að skoða hvaða heimildaflokkum á að miðla, í hvaða atvikum öryggisafritun og miðlun fara saman o.s.frv. Viðhlítandi skráning á safnkostinum skiptir mestu og verður að vera undanfari allrar miðlunar sem og sú sérfræðipækking sem starfsmenn hina opinberu skjalasafna ráða yfir. Fundargerðabækur sveitarfélaga þarf að klára að ljósmynda ekki síst út frá ákveðnum öryggissjónarmiðum og aðgengi að þeim á vef hlífir skjölunum við óþarfa hnjaski. Aðgengi að skjölum, sérstaklega ljósmyndum, hefur flýtt fyrir og einfaldað afgreiðslu nokkuð en þá má ekki gleyma að hluti þeirra skjala sem varðveitt eru á opinberum skjalasöfnum eru ekki aðgengileg og þá kemur bæði til kasta skjalavarða og annarra aðila vegna aðgengistakmarkana.

Nokkuð bættist við af ljósmyndum á vef skjalasafnsins en þær eru nú 102.024. Búið er að skrá myndir sem ekki hafa ratað á vefinn en mest munar samt um leiðréttingar og viðbætur við skráningu. Skönnun, skráning og miðlun ljósmynda er einfaldlega hluti af kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnsins.

Sýningin *Á því herrans ári ...* opnaði í Húsinu á Eyrarbakka. Sýningin hverfðist um myntsafn Helga Ívarssonar og réðu sláttuár myntar efnistöcum á sýningunni, en fjallað var um atburði sem áttu sér stað í Árnesþingi á því ári og myndir úr safnkostinum nýttar eins og kostur gafst. Það er skemmst frá því að segja að starfsmenn skjalasafnsins höfðu gaman af rannsóknum og textagerð og áhugi fólks á sýningunni var mikill. Alls voru útbúin 12 veggspjöld þar sem m.a. var fjallað um söfnun vegna gestgjafahúss á Kolviðarhóli 1874, brúun Ölfusár 1891, stofnun Sambands sunnlenskra kvenna og byggingu Mjólkurbús Flóamanna 1928 og stofnunar Flugklúbbs Selfoss árið 1974. Í Húsinu var sú mynt sem notuð var einnig höfð til sýnis. Sýningin var einnig sett upp í Þorláksetri, húsnæði eldri borgara í Hveragerði, í tengslum



Greiningarfundur í Setri Egils í ráðhúsi Sveitarfélagsins Árborgar. 15 til 20 manna harður kjarni velunnara skjalasafnsins mættu á þessa fundi þar sem þátttakendur aðstoða starfsmenn við að nafngreina einstaklinga, bæta við upplýsingum um viðburði, hús og bíla svo eitthvað sé nefnd úr safnkostinum. Þessir fundir eru mikilvæg viðbót við hefðbundna starfsemi safnsins um leið og þekking almennings er nýtt með góðum árangri.

við Landsmót UMFÍ 50+ síðsumars og í nóvember var sýningin sett upp í húsnæði Bókasafns Árborgar. Sýningin var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurlands.

Þema Norræna skjaladagsins var *Hús og heimili*. Umfjöllunarefni safnsins voru Hólar í Stokkseyrarhreppi þar sem greint var frá Magnúsi Hannessyni og Helgu Helgadóttur og byggingu nýs íbúðarhús árið 1949, kostnað við húsbygginguna auk þess sem vakin var athygli á skjölum Helga Ívarssonar og Guðfinnu Hannesadóttur frá Hólum. Þá var fjallað um Sigtún, íbúðarhús Egils Thorarensen og Kristínar Daníelsdóttur á Selfossi. Heimili Egils og Kristínar var menningarheimili, vel búið glæsilegu handverki Kristínar auk bókasafns Egils. Sigtún var ekki bara heimili heldur miðstöð kaupskapar og pólitíkur á Suðurlandi.

Eldri borgarar á Selfossi voru heimsóttir nokkrum sinnum þar sem ljósmyndir úr vörslu skjalasafnsins og saga húsa á Selfossi var umfjöllunarefni. Greiningarsýningar á ljósmyndum úr safnkostinum voru venju samkvæmt haldnar í samvinnu við Bókasafnið í Hveragerði þar sem gestum gafst kostur á að nafngreina einstaklinga. Nokkur fjöldi nafna barst sem bætti skráningu á ljósmyndum.

Námskeið og fundir

23. mars heimsóttu Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalavörslu safnið og funduðu með starfsmönnum, en þetta var liður í heimsóknum þjóðskjalavarda á öll héraðsskjalasöfnin. Starfsemi héraðsskjalasafnsins var kynnt og rædd í þaula sem og lög um opinber skjalasöfn, langtímavarðveisla rafræna gagna á sveitarstjórnarstiginu, starfsaðstaða, miðlunarverkefni, skráning skjala, birting skjalaskráa, skjalageymslur og samstarf þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna.

Þátttakendur á Vestnorræna skjalapönginu fyrir framan Þjóðskjalasafn Íslands.



27. og 28. mars stóð Þjóðskjalasafn Íslands fyrir fundi opinberra skjalasafna í húsnæðisráðgjöf Héraðsskjalasafns. Þorsteinn Tryggvi, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs og Jóna Símonía Bjarnadóttir héraðsskjalavörður á Héraðsskjalasafni Ísafjarðar, Njörður Sigurðsson og Hrefna Róbertsdóttir á Þjóðskjalasafni skipulögðu fundinn. Dagskráin var með nýju sniði, fyrri daginn unnu þátttakendur greiningu á ýmsum verkefnum opinberra skjalasafna, s.s. þjónustu við notendur, miðlun og ímyndarmál, framkvæmd eftirlits og ráðgjöf svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem styrkir til miðlunarverkefna á héraðsskjalasöfnunum, reglusetning Þjóðskjalasafns o.fl. var rætt. Seinni dagurinn var að mestu helgaður kynningu og umræðu um nýja persónuverndarlöggjöf sem tekur gildi í maí 2018. Þá flutti Þorsteinn Tryggvi erindi um úthlutun rekstrarstyrkja til héraðsskjalasafna og fyrirkomulag á skiptingu þess fjármagns sem ætlað er í málaflokkinn. Nú er tímabært að endurskoða með hvaða hætti þessu fjármagni er skipt og um leið mikilvægt að það sé gert m.t.t. þeirrar starfsemi sem fer fram á hverju skjalasafni.

15. maí 2017 var haldin kynningarfundur um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna. Þar var vinna við drög að nýrri reglugerð sem og umsagnarferli vegna reglugerðardraganna kynnt. Héraðsskjalavörður ásamt sveitarfélögum í Árnessýslu sendu inn sameiginlegar athugasemdir auk þess sem héraðsskjalavörður sendi ásamt öðrum héraðsskjalavörðum sameiginlegar athugasemdir. Í umsögnunum komu fram margvíslegar athugasemdir, sérstaklega hvað varðar ýmis skilyrði rekstrarleyfis auk þess sem gagnrýnt var að safnalög væru notuð sem rammi utan um ýmsa þætti í rekstri héraðsskjalasafna í stað þess að vísa til lagaheimilda í lögum um opinber skjalasöfn. Reglugerðarsetningin hefur tekið lengri tíma en áætlað var og drögin þarfnast gagnagerrar endurskoðunar við.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2017

Rekstrartekjur safnsins voru 40.186.211 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 40.307.208 kr. Tap fyrir fjármagnsliði er 120.997 kr. Fjármagnsliðir samtals 43.577 kr. Tap ársins er 77.420 kr.

	2017 SKJALASAFN	2017 ÁÆTLUN	2016 SKJALASAFN
<i>Rekstrartekjur:</i>			
HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	24.100.000	24.100.000	22.665.000
SV. ÁRBOURG, STYRKUR	1.350.000	1.350.000	1.350.000
AÐRAR TEKJUR	14.736.211	6.630.000	10.711.411
SAMTALS	40.186.211	32.080.000	34.726.411

Rekstrargjöld:

LAUN OG LAUNATENGJÖLD	31.894.598	26.010.500	24.423.922
ANNAR REKSTRARKOSTN.	7.856.269	6.063.500	11.510.738
AFSKRIFTIR	556.341	0	554.520
SAMTALS	40.307.208	32.074.000	36.489.180

AFKOMA FYRIR FJÁRMUNATEKJUR

OG FJÁRMAGNSGJÖLD	(120.997)	6.000	(1.762.769)
-------------------	------------	-------	--------------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

VAXTATEKJUR OG VERÐBÆTUR	78.218	0	211.151
VAXTAGJÖLD	(34.641)	0	(44.446)
SAMTALS	43.577	0	166.705

HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	(77.420)	6.000	(1.596.064)
------------------------------	------------------	--------------	---------------------



29.–31. ágúst komu starfsmenn frá héraðsskjalasöfnunum, Þjóðskjalasafni og Landsskjalasöfnunum í Færeyjum og á Grænlandi saman í Reykjavík. Þetta var í þriðja skipti sem Vestnorrænu skjaladagarnir voru haldnir á Íslandi. Dagskráin var fjölbreytt, en helstu umfjöllunarefni voru langtímavardveisla rafrænna gagna, miðlun safnkosts, aðfangastefna, afhendingar á opinberum skjalasöfnum og þjónusta við notendur. Þá voru sérstakar málstofur tengdar hverju umfjöllunarefni þar sem þátttakendur báru saman bækur sínar. Þorsteinn Tryggvi hélt erindi um aðfangastefnu og afhendingar skilaskyldra aðila á opinber skjalasöfn og þær kröfur sem gera verður til skjalasafnanna í því sambandi.

20. október flutti Þorsteinn Tryggvi ásamt Þorvaldi Halldóri Gunnarssyni skólastjóra Vallaskóla á Selfossi erindi um skjalavörslu grunnskóla fyrir skólastjórnendur á Suðurlandi. Rætt var um megintilgang og markmið skjalavörslu, lagaskyldu og ábyrgð skólastjórnenda, persónuverndarsjónarmið og notkun Mentor og annarra kerfa. Þá var skjalavistunaráætlun Vallaskóla kynnt, farið yfir aðferðafræði við gerð áætlunarinnar og þá verkferla sem starfsmenn Vallaskóla fylgja.

Starfsmenn á héraðsskjalasöfnunum á Akranesi, Höfn í Hornafirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Árnæssýslu funduðu á haustmánuðum um eftirlits- og ráðgjafahlutverk skjalasafnanna. Markmið þessa samstarfs var að samræma framkvæmd eftirlits, útbúa verkferla og deila reynslu af eftirlitsheimsóknum og rafrænum könnunum. Þá var rætt um áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar og tóku starfsmenn þessara skjalasafna m.a. þátt í persónuverndardeginum sem skipulagður var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga 1. desember. Vinnu hópsins er ekki lokið og ljóst að þessi vinna mun á næstu árum gagnast söfnunum við framkvæmd eftirlits með skilaskyldum aðilum.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2017

- | | |
|---|--|
| 2017/1 HITAVEITA HLÍÐAMANNA. 1,05
hillumetrar – Geirþrúður Sighvatsdóttir,
Miðhúsum afhenti. | 2017/10 VERSLUNARFÉLAG GRÍMSNESINGA. 0,03
hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður
Pálsson afhenti. |
| 2017/2 SIGHVATUR ARNÓRSSON (2.8.1926–
24.2.2016), MIÐHÚSUM. 4,80 hillumetrar –
Geirþrúður Sighvatsdóttir, Miðhúsum afhenti. | 2017/11 HÓLAR, STOKKSEYRARHREPPI. 0,03
hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður
Pálsson afhenti. |
| 2017/3 LÖGMENN SUÐURLANDS, ÓLAFUR
BJÖRNSSON HRL. 0,03 hillumetrar – Ólafur
Björnsson og Lögmenn Suðurlands afhentu. | 2017/12 UMFERDAÖRYGGISNEFND ÁRNESSÝSLU.
0,03 hillumetrar – Stefán A. Magnússon,
ökukennari afhenti. |
| 2017/4 HRAFNHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR
(9.7.1943), LJÓSMYNDIR. 0,08 hillumetrar
– Lýður Pálsson fh. Hrafnhildar
Guðmundsdóttur afhenti. | 2017/13 GUÐMUNDUR FRANKLÍN JÓNSSON
(25.6.1921–2.6.1990). 0,03 hillumetrar – Jón
Ólafur Vilhjálmsson afhenti. |
| 2017/5 BÚNADARFÉLAG BISKUPSTUNGNA. 0,05
hillumetrar – Geirþrúður Sighvatsdóttir,
Miðhúsum afhenti. | 2017/14 SIGURJÓN ERLINGSSON (12.10.1933).
0,03 hillumetrar – Sigurjón Erlingsson
afhenti. |
| 2017/6 BÚNADARFÉLAG LAUGARDALSHREPPS.
0,45 hillumetrar – Theodór Vilhjálmsson,
Efstadal afhenti. | 2017/15 EINAR SIGURDSSON (21.6.1856–
12.2.1942), TÓFTUM. 0,06 hillumetrar –
Jarþrúður Einarsdóttir afhenti. |
| 2017/7 KRISTJÁN EINARSSON (15.7.1949),
LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Kristján
Einarsson, Hraunprýði afhenti. | 2017/16 BJÖRN SIGURBJARNARSON (8.5.1891–
3.3.1969), FAGURGERÐI. 0,03 hillumetrar –
Gunnðis Sigurðardóttir afhenti. |
| 2017/8 KVENFÉLAG LAUGARDALSHREPPS. 1,0
hillumetri – Erla Þorsteinsdóttir afhenti | 2017/17 GUNNAR KARL GRÄNZ (30.11.1932).
0,45 hillumetrar – Gunnar Karl Gränz
afhenti. |
| 2017/9 ÁRNÝ FILIPPUSDÓTTIR (20.3.1894–
2.3.1977). 0,03 hillumetrar – Byggðasafn
Árnesinga, Lýður Pálsson afhenti. | 2017/18 SAMBAND SUNNLENSKRA KVENNA.
0,35 hillumetrar – Elínborg Sigurðardóttir,
Iðu III afhenti. |

2017/19 ELÍNBERG SIGURDARDÓTTIR (27.10.1953), SÉRKENNARI. 0,03 hillumetrar – Elínberg Sigurðardóttir, Iðu III afhenti.

2017/20 GUNNAR GUÐNASON (7.3.1930-1.6.2013) OG ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR (9.12.1938). 0,06 hillumetrar – Erla Guðmundsdóttir afhenti.

2017/21 EIRÍKUR GUÐMUNDSSON (21.6.1928-1.1.2017). 1,0 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/22 HRUNAMANNAREPPUR. 14,80 hillumetrar – Hrunamannahreppur, Jón Valgeirsson sveitarstjóri afhenti.

2017/23 HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉDINN. 0,40 hillumetrar – Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri afhenti.

2017/24 STÚKAN EYRARRÓSIN NR. 7. 0,03 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/25 ÚTGERÐARFÉLAGIÐ ÓDINN. 0,06 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/26 FÆÐINGABÓK STOKKSEYRARHREPPS. 0,06 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/27 SJÁLFTÆDISFÉLAG EYRARBAKKA. 0,03 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/28 KAUPFÉLAGIÐ HEKLA. 0,40 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/29 LEFOLIVERSLUN. 1,0 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/30 KAUPFÉLAGIÐ HÖFN, EYRARBAKKAUMBOD. 0,03 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/31 KVENFÉLAG HRAUNGERÐISHREPPS. 0,35 hillumetrar – Gunnur S. Gunnarsdóttir, Hofi afhenti.

2017/32 EIRÍKUR JÓNSSON (13.4.1891-28.3.1963), VORSABÆ Á SKEIÐUM. 0,03 hillumetrar – Friðsemd Eiríksdóttir afhenti.

2017/33 HALLDÓRA ÁGÚSTA JÓHANNESDÓTTIR (11.8.1898-22.12.1981). 0,06 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.

2017/34 SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚI SV. ÁRBOGAR. 42,0 hillumetrar – Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi afhenti.

2017/35 KAUPFÉLAG ÁRNESINGA. 0,35 hillumetrar – Erlingur Loftsson, Sandlæk 1 afhenti.

2017/36 TUNGA GAULVERJABÆJARHREPPS. 0,06 hillumetrar – Guðný Guðmundsdóttir afhenti.

2017/37 UNGMENNAFÉLAGIÐ SAMHYGD. 0,06 hillumetrar – Ungmennafélagið Þjótandi, Guðmunda Ólafsdóttir, formaður afhenti.

2017/38 GUÐMUNDUR GEIR ÓLAFSSON (22.8.1911-21.3.2006), STAÐ. 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árneseinga, Lýður Pálsson afhenti.

2017/39 SKÓLA- OG VELFERÐARÞJÓNUSTA ÁRNESÞINGS. 0,06 hillumetrar – Skóla- og velferðarþjónusta Árneseþings, Hrafnhildur Karlsdóttir afhenti.

2017/40 ÞORSTEINN SIGURÐSSON (21.4.1913-19.10.1992). 0,03 hillumetrar – Valdimar Þorsteinsson og Trausti Þorsteinsson afhentu.

2017/41 GARÐAR OLGEIRSSON (25.3.1944), HELLISHOLTUM. 1,47 GB – Garðar Olgeirsson, Hellisholtum, afhenti.

2017/42 GRUNNSKÓLINN LJÓSAÞORBORG/KERHÓLS-SKÓLI. 3,60 hillumetrar – Kerhólsskóli, Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri afhenti.

2017/43 LJÓSAFOSSSKÓLI. 0,70 hillumetrar – Kerhólsskóli, Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri afhenti.

2017/44 GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR, FRÆDSLUNEFND. 0,03 hillumetrar – Kerhólsskóli, Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri afhenti.

2017/45 PÁLL LÝÐSSON (7.10.1936-8.4.2008), LITLU-SANDVÍK. 0,25 hillumetrar – Lýður Pálsson afhenti.

2017/46 LEIKSKÓLINN GLADHEIMAR - FORELDRAFÉLAG. 0,03 hillumetrar – Linda Björg Perludóttir afhenti.

2017/47 SR. SIGURÐUR PÁLSSON (8.7.1901-13.7.1987), HRAUNGERÐI. 0,03 hillumetrar – Guðmundur Stefánsson, Hraungerði afhenti.

2017/48 FLÚÐASKÓLI. 0,35 hillumetrar – Hrunamannahreppur, Jón Valgeirsson sveitarstjóri afhenti.

2017/49 HITAVEITA FLÚÐA OG NÁGRENNIS. 1,60 hillumetrar – Hrunamannahreppur, Jón Valgeirsson sveitarstjóri afhenti.

2017/50 PRENTSMÍÐJA SUDURLANDS. 0,95 hillumetrar – Prentmet, Örn Grétarsson prentsmiðjustjóri afhenti.

2017/51 BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ Á SELFOSSI. 2,2 hillumetrar – Bókasafn Árborgar, Heiðrún Dóra Eyvindardóttir forstöðumaður afhenti.

2017/52 GUNNAR ÁGÚSTSSON (2.6.1926-14.8.2014), STÆRRI-BÆ. 0,30 hillumetrar – Laufey Guðmundsdóttir afhenti.

2017/53 FLÓAÁVEITAN. 0,08 hillumetrar – Guðmundur Stefánsson, Hraungerði afhenti.

2017/54 HÓTEL ÖRK. 0,45 hillumetrar – Hveragerðisbær, Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri afhenti.

2017/55 KVENFÉLAG SELFOSSKIRKJU. 0,08 hillumetrar – Eygló Jóna Gunnarsdóttir afhenti.

2017/56 GUÐMUNDUR DANÍELSSON (4.10.1910-6.2.1990), RITHÖFUNDUR. 2,40 hillumetrar – Heimir Guðmundsson afhenti.

2017/57 SIGURÐUR INGVARSSON (14.10.1892-22.6.1971), HÓPI. 0,10 hillumetrar – Magnús Sigurðsson afhenti.

2017/58 GÍSLI Þ. SIGURÐSSON (30.6.1939-10.3.2014). 0,03 hillumetrar – Magnús Sigurðsson afhenti.

2017/59 HOLLVINIR GRÍMSNESS, LJÓSMYNDIR. 0,20 hillumetrar – Hollvinir Grímsness og Katrín Kristinsdóttir afhentu.

2017/60 UNGMENNAFÉLAG SELFOSS. 3,15 hillumetrar – Ungmennafélag Selfoss, Aðalbjörg Skúladóttir bókar afhenti.

2017/61 JÓN GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON (3.8.1933-5.2.2011), SUNNUHVOLI. 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árneseinga, Lýður Pálsson afhenti.

2017/62 SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG. 23,80 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.

2017/63 BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ ÖKUBÓR. 0,06 hillumetrar – Eiríkur Þór Sigurjónsson afhenti.

2017/64 KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESÞINGS. 0,25 hillumetrar – Rannveig Árnadóttir, Hófgerði afhenti.

2017/65 LITLA-HÁEYRI, EYRARBAKKA. 0,08 hillumetrar – Byggðasafn Árneseinga, Lýður Pálsson afhenti.

2017/66 KIRKJUKÓR EYRARBAKKAKIRKJU. 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árneseinga, Lýður Pálsson afhenti.

2016/67 SÆVAR SIGURSTEINSSON (6.7.1941). 0,01 hillumetri – Sævar Sigursteinsson afhenti.

2017/68 SIGURÐUR JÓNSSON (17.4.1948), LJÓSMYND. 0,06 hillumetrar – Sigurður Jónsson afhenti.

2017/69 VEIÐIFÉLAG FLÓAMANNA. 0,08 hillumetrar – Guðmundur Stefánsson, Hraungerði afhenti.

2017/70 GUÐMUNDUR STEFÁNSSON (19.12.1948). 0,03 hillumetrar – Guðmundur Stefánsson, Hraungerði afhenti.

2017/71 KVENFÉLAG GAULVERJABÆJARHREPPS. 0,03 hillumetrar – Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps, Guðrún Elísa Gunnarsdóttir formaður afhenti.

2017/72 BÚNAÐARFÉLAG VILLINGAHOLTSHREPPS. 0,10 hillumetrar – Búnaðarfélag Villingaholtshrepps, Reynir Þór Jónsson afhenti.

2017/73 SÓLVEIG INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR (15.1.1928-18.10.2008), LJÓSMYNDIR. 0,06 hillumetrar – Betsy Marie Davíðsdóttir afhenti.

2017/74 FLÓAHREPPUR. 10,05 hillumetrar – Flóahreppur, Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri afhenti.

2017/75 HRAUNGERÐISHREPPUR. 2,40 hillumetrar – Flóahreppur, Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri afhenti.

2017/76 VILLINGAHOLTSHREPPUR. 0,55 hillumetrar – Flóahreppur, Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri afhenti.

2017/77 HOLLVINIR GRÍMSNESS. 0,08 hillumetrar – Hollvinir Grímsness, Guðfína Ragnarsdóttir og Magnús Grímsson afhentu.

2017/78 GAULVERJABÆJARHREPPUR. 0,45 hillumetrar – Flóahreppur, Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri afhenti.

2017/79 FLÓASKÓLI. 0,35 hillumetrar – Flóahreppur, Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri afhenti.

2017/80 HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi.

2017/81 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.

2017/82 ÁVEITAN. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Þjótandi afhenti.

2017/83 BLÁSKÓGAFRÉTTIR. 0,03 hillumetrar – Bláskógabyggð afhenti.

2017/84 PÉSI - FRÉTTABRÉF HRUNAMANNAREPPS. 0,03 hillumetrar – Hrunamannahreppur afhenti.



HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

myndasetur.is • heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is
Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189–2849

Afgreiðslutími: Mánudaga til föstudaga kl. 09:00 – 16:00
Miðvikudaga lokað

Stjórn safnsins

Sveinn S. Steinarsson, stjórnarformaður
Kjartan Björnsson, varaformaður
Svanhvít Hermannsdóttir, ritari

Starfsmenn skjalasafnsins

Posteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður
thorsteinn@heradsskjalasafn.is
Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður
saevar@heradsskjalasafn.is
Guðmunda Ólafsdóttir, skjalavörður
gudmunda@heradsskjalasafn.is